

**Nd.**

### **433. Frumvarp til laga**

um birtingu efnahagsreikninga.

Flm.: Einar Olgeirsson og Ísleifur Högnason.

#### **1. gr.**

Hlutfélög, samvinnufélög, önnur félög, fyrirtæki bæjar- og sveitarfélaga og einstaklingar, sem reka verzlun, útgerð, iðnað eða aðra atvinnu, eru bókhaldsskyld og skulda bönkum og sjóðum hér á landi samtals 150000 krónur eða meira í árslok, skulu árlega birta efnahagsreikninga sína. Séu reikningar afhentir stjórnarráðinu til birtingar eigi síðar en 5 mánuðum eftir lok reikningsársins. Reikningunum skal fylgja vottorð skattaneðndar (í Reykjavík skattstofu) um, að þeir séu í samræmi við skattaframtal.

#### **2. gr.**

Fjármálaráðuneytið annast birtingu efnahagsreikninga samkv. 1. gr. Ráðuneytið ákveður með reglugerð form reikninganna, hvernig þeir eiga að vera sundurliðaðir og annað, sem snertir framkvæmd laga þessara.

Ráðuneytinu er heimilt að krefja þá aðila, sem um getur í 1. gr., um rekstrarreikninga eða einstaka liði úr rekstrarreikningum, til birtingar, ef ástæða þykir til.

#### **3. gr.**

Ráðuneytinu er heimilt að krefjast borgunar fyrir birtingu efnahagsreikninga. Það ákveður söluverð reikninganna, skipar fyrir um, hver stjórnarvöld skuli fá þá ókeypis og hvað gera skuli til að gera almenningi sem auðveldast að kynnast reikningunum.

#### **4. gr.**

Ráðuneytið heldur sérstakan reikning yfir árlegar tekjur og gjöld reikningsútgáfunnar. Ef tekjuhalli verður, telst hann með skrifstofukostnaði stjórnarráðsins, en verði tekjuafgangur, telst hann með tekjum ríkissjóðs.

#### **5. gr.**

Ráðuneytið getur hvenær sem er krafist banka og sjóði um skýrslu yfir lánveitingar.

6. gr.

Við vanrækslu þeirrar skyldu, að senda reikninga til birtingar, getur stjórnarráðið ákveðið dagsektir, unz úr er bætt. Úrskurði ráðuneytisins um dagsektir verður ekki áfrýjað. Gefi einhver ranga eða villandi skýrslu um efnahag sinn, varðar það sektum frá 100 til 50000 kr., nema þyngri refsing liggi við að lögum.

Sektir skal innheimta með aðför.

7. gr.

Mál út af brotum á lögum þessum skal fara með sem almenn lögreglumál. Sektir samkvæmt lögunum renna í ríkissjóð.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

G r e i n a r g e r ð .

Frumvarp samhljóða þessu var flutt á þingi 1938 af þeim Skúla Guðmundssyni og Gísla Guðmundssyni. Vísast til greinargerðar þess frumvarps hvað hin einstöku atriði þess snertir.

1938 var frumvarp þetta stöðvað í efri deild, eftir að hafa gengið gegnum neðri deild. Orsökina til þess, að frumvarpið var svæft, má óhætt rekja til andstöðu landsbankastjórnarinnar og bandamanna hennar í þinginu gegn því, að efnahagsreikningar skuldugra fyrirtækja séu birtir.

En það, sem gerir það nauðsynlegt, að frumvarp þetta nú er flutt á ný, er það, sem síðan hefir gerzt. Þeir flokkar í þinginu, sem áður börðust fyrir því, að efnahagsreikningar skuldugra fyrirtækja væru birtir, hafa myndað stjórn með eigendum og erindreikum skuldugustu fyrirtækjanna og lagt hinar þyngstu álögur á þjóðina til að tryggja gróða til handa þessum fyrirtækjum. Jafnframt hefir mikill hluti þessara skuldugu fyrirtækja, sem sé togaraútgerðarfélögin, verið gerður skattfrjáls.

Þjóðin á því meiri heimtingu nú en nokkru sinni fyrr á að fá að fylgjast með efnahag þeirra fyrirtækja, sem þjóðarféð aðallega er lánað til, ekki sízt þar sem meiri hætta er nú en nokkru sinni á, að reynt verði að dylja hana þess sanna í þessu efni, þar sem þrír stærstu þingflokkarnir nú eru orðnir samábyrgir um rekstur skuldugustu fyrirtækjanna.